

Aðferðafræði við mat fjármálagerninga, í útboði Seðlabanka Íslands með útboðsdag 16. júní 2016.

Til samræmis við það sem segir í útboðsskilmálum, og þá til hægðarauka fyrir þátttakendur og milligönguaðila, í útboði Seðlabanka Íslands vegna kaupa á íslenskum krónum í skiptum fyrir evrur, með viðskiptadag 16. júní nk., er eftirfarandi sett fram varðandi aðferðafræði Seðlabankans við mat fjármálagerninga, samkvæmt lögum um ársreikninga og settum reikningskilareglum.

Í 13. gr. útboðsskilmála vegna kaupa Seðlabanka Íslands á íslenskum krónum í skiptum fyrir evrur, með viðskiptadag 16. júní 2016, kemur eftirfarandi fram:

„Markaðsvirði aflandskrónueignar skal miðast við rökstutt mat óháðs löggilts endurskoðanda á gangvirði eða kostnaðarvirði eignarinnar við gildistöku laga um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, eins og það er skilgreint samkvæmt lögum um ársreikninga, en það skal þó aldrei vera lægra virði en nafnvirði eða bókfært virði undirliggjandi eigna. Viðskiptamaður eða milligönguaðili, hvort heldur er, skulu afla matsins á eigin kostnað og skal endurskoðandinn staðfesta óhæði sitt. Seðlabanka Íslands er heimilt að óska frekari skýringa eða hafna niðurstöðum mats ef sýnt þykir að það sé ekki byggt á fullnægjandi forsendum.“

Skilgreiningu á gangvirði skv. lögum um ársreikninga nr. 3/2006 má finna í 37. gr. laganna, en þar kemur fram:

„Mat á fjármálagerningum og skuldbindingum til gangvirðis skv. 36. gr. skal vera í samræmi við settar reikningskilareglur. Einungis er heimilt að beita slíku mati ef það byggist á áreiðanlegum upplýsingum um gangvirði.“

Gangvirði skal ákvarðað með tilliti til:

- 1. markaðsverðs þeirra fjármálagerninga sem eru á virkum markaði,*
- 2. markaðsverðs undirliggjandi þátta í viðkomandi fjármálagerningi ef viðkomandi fjármálagerningur er ekki skráður á markaði,*
- 3. virðis sem reiknað er út með almennum viðurkenndum matslíkönum eða matsaðferðum fyrir þær eignir sem ekki eru á markaði; slík matslíkön og matsaðferðir skulu gefa góða mynd af markaðsverði. Ef ekki er hægt að meta þessar eignir eða skuldbindingar til gangvirðis samkvæmt framangreindum aðferðum skal matið byggjast á kostnaðarverði skv. 29. gr.“*

Í 13. tölul 2. gr. laga um ársreikninga eru settar reikningskilareglur skilgreindar sem reglur sem reikningsskilaráð gefur út, sbr. 119. gr. laganna, og alþjóðlegir reikningskilastaðlar, sbr. 12. tölul 2. gr. sömu laga. Alþjóðlegi reikningskilastaðallinn IFRS 13 er sá reikningskilastaðall sem skýrir útreikning á gangvirði. Samkvæmt staðlinum eru þrjár aðferðir virðismats:

1. Markaðsaðferðin – Aðferðin byggir á verði eða öðrum viðeigandi upplýsingum á markaði fyrir sams konar eða sambærilega eign. [IFRS 13:B5]
2. Tekjuaðferðin – Aðferðin umbreytir framtíðar fjárhæðum (sjóðsflæði) í eina núvirta fjárhæð. [IFRS 13:B10]
3. Kostnaðarverðsaðferðin – Kostnaður sambærilegrar eignar, þ.e. kostnaður sem færi í að skipta um (e. replace) eign. [IFRS 13:B8]

Val á inntökum inn í verðmötin er ekki frjálst. Viðeigandi inntök byggja á upplýsingum og forsendum sem eru til staðar um eignina sem verið er að verðmeta. Í staðlinum er svokallað „Gangvirðis stigveldi“ (e. fair value hierarchy). [IFRS 13:72]

1. Fyrst á að nota skráð verð á virkum markaði fyrir sams konar eign (e. identical asset). [IFRS 13:76]
2. Ef skráð verð á eigninni er ekki staðar skal horfa til annarra breyta á markaði sem hægt er að sannreyna, s.s. verð á sambærilegri eign eða verð á sömu eða sambærilegri eign á óvirkum markaði. Einnig er hægt að nota aðrar markaðsbreytur en skráð verð í verðmatið, t.d. ávöxtunarkröfur og sveiflur. [IFRS 13:81]
3. Ef hvorki eru til staðar fyrsta stigs eða annars stigs breytur þarf að nota aðrar breytur sem ekki er hægt að sannreyna. [IFRS 13:86]

Seðlabanki Íslands mun, við beitingu 13. gr. útboðsskilmálanna sem vitnað er til hér að ofan, líta fyrst og fremst til þeirrar aðferðafræði og þeirra viðmiðana sem framan greinir, við mat á verðmötum eigna. Jafnframt kann Seðlabankinn að kalla eftir gögnum sem liggja að baki verðmati sem lagt er fram vegna þátttöku í útboði Seðlabankans á grundvelli 13. gr. útboðsskilmálanna.